



STARFSSKÝRSLA 2006 TIL 2007



**STARFSSKÝRSLA
2006-2007**



Umsjón: Hrafn Magnússon

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf

Hönnun: Hvíta húsið

Kápu mynd: Snæfellsjökull

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson bls 4, aðrar myndir Jóhannes Long

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	9
Endurskoðun samskiptasamkomulags lífeyrissjóða	10
Fræðslufundir	11
Fulltrúaráð LL	12
Reglur SP um ábyrgar fjárfestingar	12
Nefnd forsætisráðherra um örorkumál	13
Örorkunefnd LL	14
Uppgjörmál lífeyrissjóða	15
Erlent samstarf	16
Umsagnir	17
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	20
Ársreikningur 2006	
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	23
Áritun endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur ársins 2006	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit árið 2006	28
Skýringar	29

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2006 var íslenskum lífeyrissjóðum mjög hagstætt. Þetta er fjórða árið í röð þar sem raunávöxtun þeirra er yfir 10% að meðaltali. Við megum þó ekki gleyma því að árin 2000 til 2002 voru sjóðunum erfið og árleg raunávöxtun þeirra var á því árabili neikvæð að meðaltali um rúm 2%.

Landssamtök Lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun sjóðanna hafi að meðaltali numið 10,6% á árinu 2006. Ef litið er til lengri tíma eða síðustu 5 ára nemur raunávöxtunin 8,3%, sem er hæsta fimm ára meðaltal síðan skipulegar mælingar á ávöxtun sjóðanna hófust árið 1991. Ef skoðað er meðaltal síðustu 10 ára nemur árleg raunávöxtun lífeyrissjóða liðlega 6,5% að meðaltali, sem er sem því næst nákvæmlega sama tala og árleg raunávöxtun sjóðanna allt frá 1991. Allar þessar tölur bera rekstri og ávöxtun lífeyrissjóðanna gott vitni.

Mikil áhættudreifing er í eignasöfnun lífeyrissjóðanna og verður nú vikið að helstu þáttum sem ráða mestu um ávöxtun þeirra.

Talverðar sveiflur einkenndu þróun Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar á síðasta ári. Vísitalan hækkaði mikið í byrjun ársins og náði hæstu hæðum um miðjan febrúar og hafði þá hækkað um 25% frá áramótum. Síðan dró nokkuð úr hækkininni, m.a. vegna þess að erlend matsfyrirtæki birtu neikvæðar spár um íslenskt efnahagslíf. Á miðju síðasta ári hækkaði vísitalan á nýjan leik sem skilaði sér í því að Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um tæplega 16% á árinu 2006.



Eignir lífeyrissjóðanna í innlendum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum námu liðlega 17% af heildareignum þeirra í árslok 2006. Er hlutfallið nær óbreytt frá árslokum 2005, en þá var það 16,8%.

Á síðasta ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 18% miðað við bandaríkjadollar. Evrópskar vísitölur hækkuðu um 17,7% og helstu vísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu einnig umtalsvert á síðasta ári. Þannig hækkuði S&P hlutabréfavisitalan sem samanstendur af 500 stórum fyrirtækjum í Bandaríkjunum um 13,6% og Nasdaq vísitalan um 9,5%.

Gengi íslensku krónunnar veiktist verulega gagnvart erlendum gjaldmiðlum á síðasta ári. Frá ársbyrjun til ársloka 2006 nam lækkun krónunnar að meðaltali tæp 19%. Þessar gengisbreytingar voru nokkuð misjafnar gagnvart einstökum gjaldmiðlum. Breytingar á gengi krónunnar skiluðu sér í góðri ávöxtun á erlendum eignum lífeyrissjóðanna, umfram þær hækkanir sem urðu á mörkuðum.

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu liðlega 30,4% af heildareignum þeirra í árslok 2006. Er þetta hæsta hlutfall erlendra eigna þeirra frá upphafi, en sambærilegt hlutfall var 25,3% í árslok 2005. Hafa ber í huga að lækkun á gengi krónunnar á sinn þátt í hækkuðu hlutfalli erlendra eigna.

Miklar breytingar og sviptingar hafa orðið á íslenska verðbréfamarkaðinum á fyrstu mánuðum þessa árs. Úrvalsvísitalan hefur hækkað umtalsvert og útlitið framundan í þeim efnum er nokkuð gott. Útrás íslenskra fyrirtækja á undanförunum árum hefur styrkt afkomu þeirra verulega og gjörbreytt samsetningu þeirra fyrirtækja sem mynda úrvalsvísitöluna. Lífeyrissjóðirnir hafa notið góðs af góðu gengi þeirra ekki síst fjármálafyrirtækja sem fram kemur í góðri ávöxtun sjóðanna. Sveiflur á hlutabréfamörkuðum og á gengi krónunnar undirstrika mikilvægi áhættudreifingar á fjármunum sjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa eins og áður hefur komið fram gætt þess að hafa eignasöfn sín vel dreifð og tryggt þannig í senn örugga ávöxtun þeirra með miklum fjármunum í innlendum skuldabréfum. Á sama hátt hafa sjóðirnir komið fram sem öflugir langtímafjárfestar á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum.



Heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna námu tæplega 1460 milljörðum króna í árslok 2006 og höfðu aukist um tæplega 277 milljarða króna frá árslokum 2005. Í fyrra námu eignir íslensku lífeyrissjóðanna liðlega 120% af vergri landsframleiðslu og er þá miðað við meðalstöðu eignanna yfir árið. Þetta hlutfall hefur ekki mælst hærra. Ef horft er til síðustu ára þá var þetta hlutfall tæplega 82% árið 2000 og tæp 88% í árslok 2003.

Eitt af meginhlutverkum Landssamtaka lífeyrissjóða er að vera málsvari sjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varða sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna. Í þessu felst mikið starf sem unnið er á vettvangi samtakanna í góðu samstarfi við aðildarsjóðina. Að standa vaktina í síbreytilegu umhverfi útheimtir mikla vinnu og gildir einu hvort þar er átt við samskipti við stjórnvöld og eftirlitsstofnanir, hagsmunasamtök eða að styrkja ímynd sjóðanna.

Tvö málefni hafa tekið drjúgan tíma hjá Landsamtökum lífeyrissjóða og aðildarsjóðum þeirra.

Fyrst skal telja fræðslumálin en í þeim felst jafnt að standa að útgáfu kynningarefnis um starfsemi lífeyrissjóðanna og standa fyrir fræðslu- og umræðufundum. Öflug heimasíða samtakanna er liður í fræðslustarfinu. Þrátt fyrir þetta má gera betur og það þarf að vera ákveðið forgangsverkefni að efla kynningarstarf á vegum samtakanna á næstunni.

Í annan stað nefni ég örorkumálin, sem á seinni árum hafa tekið mikinn tíma í starfsemi samtakanna og einstakra lífeyrissjóða. Vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna undanfarin ár, langt umfram fyrri tryggingafræðilegar úttektir, hafa kallað fram viðbrögð hjá mörgum lífeyrissjóðum. Sérstök örorkunefnd á vegum LL hefur starfað um árabíl og skilaði hún skýrslu síðasta haust, en hún hafði áður skilað áfangaskýrslu. Hlutfall örorkulífeyris eru mjög misjafnt á milli lífeyrissjóða og vegur hlutfallið hæst hjá sjóðum á almennum vinnumarkaði.

Í árslok 2006 samþykkti Alþingi að verja hluta af tryggingargjaldi atvinnurekenda til þess að létta undir örorkulífeyrisgreiðslum, fyrstu þrjú árin hjá þeim sjóðum sem bera þyngstu byrðina, en síðan skiptast þessar greiðslur einnig yfir á aðra sjóði eftir ákveðnum reglum. En betur má ef duga skal.



Sérstök örorkunefnd á vegum forsætisráðherra, með aðkomu heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði, Landsamtaka lífeyrissjóða og Öryrkjabandalagsins skilaði skýrslu í mars á þessu ári. Í tillögum nefndarinnar, sem samþykktar hafa verið í ríkisstjórn, felast m.a. víðtækar breytingar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og að viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og hjá lífeyrissjóðunum verði samræmdar. Áhersla verður lögð á að saman fari læknisfræðileg endurhæfing og starfsendurhæfing eftir því sem við á og að endurhæfing hefjist eins fljótt og auðið er.

Það er gríðarlega mikilvægt að vel takist til í frekari vinnu við útfærslu þessara tillagna, en þær kalla einnig á umtalsverðar breytingar á lögum og reglugerðum. Það verða allir að leggjast á eitt til þess að efla starfsendurhæfingu hér á landi og gera þannig fólki með skerta starfsgetu kleift að komast á vinnumarkað á nýjan leik.

Allt umhverfi lífeyrissjóðanna er á sífelldri hreyfingu. Á síðasta ári fækkaði lífeyrissjóðum um fimm vegna sameininga og þessi þróun hefur haldið áfram á þessu ári. Á einum áratug hefur lífeyrissjóðum hér á landi fækkað um 25, eða úr 66 í árslok 1996 í 41 í árslok 2006. Á sama tíma hafa sjóðirnir verið að stækka og eflast og skipta nú orðið gríðarlegu máli í þróun velferðarsamfélagsins á Íslandi.

Fyrir hönd stjórnar Landsamtaka lífeyrissjóða þakka ég framkvæmdastjóra LL og lífeyrissjóðunum fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Arnar Sigurmundsson





AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 18. maí 2006. Gunnar Páll Pálsson stjórnaði fundi en fundarritari var Gunnar Baldvinsson.

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri og formaður banka-stjórnar Seðlabankans, flutti erindi um stöðu og horfur í efnahagsmálum með sérstakri áherslu á mikilvægi lífeyrissjóðanna.

Davíð taldi stöðu lífeyrissjóðanna í landinu merkilega, hvernig sem á hana væri litið og ekki síst borin saman við það sem gerist með öðrum þjóðum. Í flestum eða öllum öðrum iðnríkjum eldast þjóðirnar hratt og vaxandi og alvarlegt áhyggjuefni í ríkisfjármálum flestra iðnvæðra landa væri hvernig staðið skuli að greiðslu eftirlauna í framtíðinni. Aðstæður væru að töluverðu leyti frábrugðnar á Íslandi. Breyting á aldursskiptingu gengi hægar yfir en í flestum löndum sem búa við svipaðan efnahag. Eftirlaunakerfið hér á landi miðist að mestu við að hver starfandi maður spari hluta af launum sínum og geymi í sjóði sem síðan væri varið til að greiða eftirlaun hans. Því þurfi ekki að auka skattheimtu þótt eftirlaunaþegum fjölgi hlutfallslega.

Lífeyriskerfið hér á landi uppfylli því þær kröfur sem á alþjóðavettvangi hafi verið talið að gera eigi til bestu lífeyriskerfa. Í lok síðasta árs svöruðu heildareignir íslenskra lífeyrissjóða til 120% af vergri landsframleiðslu. Ekkert lífeyrissjóðakerfi í heiminum væri svo stöndugt sem hið íslenska. Framtíðarbyrðar ríkissjóðs Íslands vegna lífeyrisgreiðslna væru hverfandi miðað við það sem gerist með flestum öðrum iðnríkjum. Auðvitað væri þetta gríðarlegur styrkur fyrir íslenskt þjóðarþú og samfélag. Miklar eignir lífeyrissjóðanna leggja stjórnendum þeirra einnig miklar skyldur á herðar. Þeir þurfi að ávaxta sjóðina með tryggum og arðbærum hætti. Þegar þeir væru orðnir svo stórir sem raun ber vitni í íslenskum þjóðarþúskap geti áhrif þeirra á framvindu íslensks fjármálakerfis einnig orðið gríðarleg.

Á undanförunum árum hafa lífeyrissjóðirnir jafnt og þétt fest hluta ráðstöfunarfjár síns í erlendum verðbréfum. Svigrúm þeirra til slíkra fjárfestinga væri töluvert og í lok mars s.l. mætti ætla að erlendar eignir lífeyrissjóðanna hafi numið tæpum 30% heildareigna þeirra. Lífeyrissjóðirnir hafi einnig verið umsvifamiklir á innlendum hlutabréfamárkæði. Í lok mars s.l. mætti ætla að þeir hafi átt innlend hlutabréf að andvirði líðlega 200 milljarða króna, sem voru um 16% heildareigna þeirra.

Í árslok 2004 væri talið að lífeyrissjóðirnir hafi átt um 12% af öllum skráðum hlutabréfum í Kauphöll Íslands. Lán sjóðanna til fyrirtækja hafi einnig vaxið hratt. Miklu skipti að ytrustu varfærni væri gætt í fjárfestingum lífeyrissjóða í innlendum hlutabréfum og að lífeyrissjóðirnir fari gætilega með það vald sem í þeim fjárfestingum felst. Að sama skapi hljóti að vera mikilvægt að lífeyrissjóðir vandi vel til undirbúnings lánveitinga til fyrirtækja þannig að

ekki sé tekin áhætta umfram það sem eðlilegt gæti talist af lífeyrissjóði.

Davíð taldi að auknar fjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis, sem gerðar væru með þrengstu hagsmuni sjóðanna sjálfra fyrir augum væru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á þróun gjaldmiðilsins. Þegar gengið stendur lengi í hæstu hæðum væru lífeyrissjóðirnir líklegri en ella til að selja krónur og festa fé í erlendum gjaldmiðlum og taka því óbeint á móti öfgafullri styrkingu krónunnar. Þegar hinn gállinn væri á krónunni væru þeir líklegir til að taka inn hagnaðinn og kaupa krónur og tosa hana um leið upp úr þeim botni sem hún kynni að vera komin í. Lífeyrissjóðirnir myndu við þessar aðstæður vera með eins konar aukahlutverk sem gjaldeyrisvarasjóður, jafnvel þótt þeir væru ekki að gæta neinna hagsmuna annarra en sinna umbjóðenda.

Friðbert Traustason, formaður LL, flutti skýrslu stjórnar, um starfsemina á liðnu starfsári.

Í máli Friðbert kom fram að íslensku lífeyrissjóðirnir áttu tæplega 1200 milljarða króna í árslok 2005, sem væri vel yfir vergri landsframleiðslu. Eftirlaunaþegar væru fáir í hlutfalli við starfandi sjóðfélaga og flestir þeirra hafi ekki greitt iðgjald af öllum tekjum sínum nema fyrir hluta starfsævinnar og eigi því tiltölulega lítil réttindi. Það væri því fyrirsjáanlegt að eignir þeirra mundu vaxa mikið næstu árin nema langvarandi niðursveifla yrði á verðbréfamörkuðum, sem ekki væru líkur á. Ellilífeyrisþegum ætti hins vegar eftir að fjölga hlutfallslega miðað við fólk á starfsaldri og réttindi þeirra að aukast.

Meginviðfangsefni lífeyrissjóðanna í framtíðinni væri því að ávaxta sem best fjármagn sjóðanna. Það væri ánægjulegt hve gjöfult árið 2005 var lífeyrissjóðum landsmanna. Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun sjóðanna hafi að meðaltali numið um 13,5% á árinu 2005. Ef litið væri til lengri tíma eða síðustu fimm ára næmi raunávöxtunin um 5,8% og ef skoðað er meðaltal síðustu 10 ára næmi raunávöxtunin um 6,3% að meðaltali.

Miklar sviptingar hefðu verið á íslenska verðbréfamarkaðinum á fyrstu mánuðum þessa árs, miklar hækkningar á hlutabréfum fyrstu mánuðina en síðan niðursveifla í kjölfarið. Þá hefði gengi íslensku krónunnar lækkað umtalsvert gagnvart erlendum gjaldmiðlum eða um 23,8% fyrstu fjóra mánuði ársins. Ljóst væri að þeir lífeyrissjóðir sem lagt hafa verulega áherslu á erlendar fjárfestingar, einkum í hlutabréfum, uppskæru nú ríkulega með gengislækkun krónunnar og væri þá ekki tekið tillit til ávöxtunar á erlendum verðbréfamörkuðum. Þessar sveiflur á hlutabréfamörkuðunum og á gengisvísivístölunni færðu okkur heim sannindi þess að sú stefna lífeyrissjóðanna að hafa á að skipa vel dreifðu eignasafni væri rétt. Þannig gæti góð raunávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum bætt upp slakari fjárfestingarárangur hér innanlands, ef svo bæri undir.

Þá vék Friðbert að verðtrygginu lífeyrissjóðanna. Af og til hafi spunnist umræður um það í fjölmiðlum og á Alþingi, hvort nauðsynlegt væri að afnema verðtryggingu á lánum. Þessar umræður væru á villigötum. Ljóst væri að afnám verðtryggingar væri mun dýrari fyrir lántakendur en verðtrygging þegar til lengri tíma væri litið. Lánveitandinn mun ávallt bæta við vextina sérstöku óvissuálagi vegna verðbólgunnar og reynslan erlendis hafi sýnt að þetta álag gæti verið býsna hátt. Afnám verðtryggingar gæti einnig aukið óvissu lífeyrisþega hvað varðar kaupmátt lífeyris.

Margir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði hafa að undanförunu fært sig yfir í réttindaávinnslukerfi, sem feli í sér að iðgjöld skapa mismunandi mikil lífeyrisréttindi eftir því hvenær á starfsævinni þau eru greidd, þ.e. svokallað aldursháð réttindakerfi. Sjóðirnir hafa valið nokkrar leiðir við breytingarnar. Ýmsir sjóðir hafi að fyrirmynd Gildislífeyrissjóðs hagað breytingunum með þeim hætti, að sjóðfélagar sem uppfylla tiltekin skilyrði geti haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu að tilteknu hámarki, og væru því sjóðirnir að leitast við að breytingarnar hafi sem

minnst áhrif á sjóðfélagana, þegar horft er til réttindaávinnslnar yfir alla starfsævina. Mikilvægt hefði verið að lífeyrissjóðir gerðu með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á heimild sjóðfélaga til þess að halda áfram iðgjaldsgreiðslum til jafnrar ávinnslu, til að koma í veg fyrir réttindamissi þeirra sjóðfélaga, sem ef til vill færast á milli lífeyrissjóða með hliðstæða réttindauppbyggingu.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2005 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varastjórn. Aðalstjórn var endurkjörin, en í varastjórn var sú breyting gerð að í stað Friðjóns Sigurðssonar var kosinn Sigurbjörn Sigurbjörnsson. Tekin var ákvörðun um þóknun aðalmanna og varamanna í stjórn og um árgjald til samtakanna.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2006, var greint frá skipan fullrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.


Á Skálafelli.



HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- Að gæta í hvívetna hagsmunum sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðal-
mönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er
tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla
varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn
samtakanna er þannig skipuð:

Arnar Sigurmundsson, *formaður*
Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
Friðbert Traustason
Gunnar Baldvinsson
Haukur Hafsteinsson
Margeir Daníelsson
Víglundur Þorsteinsson
Þorbjörn Guðmundsson og
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Vararstjórnin er þannig skipuð: Arnaldur Loftsson, Björn
Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson,
Pétur Sigurðsson, Sigurbjörg Björnsdóttir, Sigurbjörn Sig-
urbjörnsson og Stefán Halldórsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 11 fundir.
Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum
samþykka samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1,
Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í
samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er
með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er
ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur
hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Talið frá vinstri neðri röð: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Arnar Sigurmundsson og Haukur Hafsteinsson.

Efri röð frá vinstri: Margeir Daníelsson, Þorbjörn Guðmundsson, Víglundur Þorsteinsson, Friðbert Traustason, Hrafn Magnússon og Gunnar Baldvinsson.

ENDURSKOÐUN SAMSKIPTASAMKOMULAGS LÍFEYRISSJÓÐA

Árið 1983 beittu sambönd lífeyrissjóða sér fyrir gerð samkomulags um samskipti lífeyrissjóða, sem síðan hélst óbreytt í 15 ár. Árið 1997 var það tekið til endurskoðunar, sem lauk með nýju samkomulagi, sem öðlaðist gildi 1. júní 1998 og gildi til septemberloka 1999. Núgildandi samkomulag hefur síðan gilt frá 1. október 1999.

Á undanförunum tveimur árum hafa orðið viðtækar breytingar á lífeyrissjóðakerfinu. Í stað svonefnds stigakerfis, sem í hálfan fjórða áratug myndaði grundvöll lífeyrisréttinda alls þorra starfandi manna á almennum vinnumarkaði, er nú viðast hvar komið kerfi aldurstengdrar ávinnslu réttinda. Jafnframt hafa iðgjöld launagreiðenda hækkað

og hið almenna hlutfall milli iðgjaldahluta launagreiðenda, þ.e. 40% á móti 60%, hefur breyst. Er nú lögbundið að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða skuli nema 12% af iðgjaldastofni. Þessar breytingar hafa leitt til þess að úrskurðar- og umsagnarnefnd, sem starfar á vegum LL og fjallar um mál er varða framkvæmd núgildandi samskiptasamkomulags hefur talið tímabært að taka það til endurskoðunar og nota samtímis tækifærið til að taka inn í samkomulagið atriði, sem nefndin hefur fjallað um á undanförunum árum. Nefndin mun senda lífeyrissjóðunum drög að tillögum sínum til umsagnar, en stefnt er að hið nýja samskiptasamkomulag taki gildi 1. júlí n.k.

Litagleði landans.



FRÆÐSLUFUNDIR

Þann 3. október s.l. var haldinn samráðsfundur með lífeyrissjóðunum til að fjalla um drög að tillögum uppgjörsefndar LL. Framsögu hafði Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins. *Sjá nánar kaflann um uppgjörsmál lífeyrissjóðanna, bls. 15.*

Þann 24. janúar s.l. var haldinn umræðufundur á vegum LL og var fundarefnið „Hverjar eru horfur á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum árið 2007?”

- Verðþróun hlutabréfa innanlands og erlendis.
- Gengisþróun íslensku króunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.
- Skuldabréfamarkaðurinn og vaxtaþróun.

Framsögumenn voru þau Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs, Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, deildarstjóri eignasviðs Sameinaða lífeyrissjóðsins og Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar Gildis lífeyrissjóðs.

Á eftir framsöguerindum voru panelumræðu sem í voru, auk framsögumanna þeir Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Robert Aron Róbertsson, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Umræðustjóri var Hafliði Helgason, ritstjóri Markaðarins, viðskiptablaðs Fréttablaðsins.

Þann 13. mars s.l. var haldinn annar umræðufundur á vegum LL. Dagskrármál þess fundar var „Alþjóðleg lífeyrismiðstöð á Íslandi og alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir.“ Framsögumaður um alþjóðlega lífeyrismiðstöð á Íslandi var Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askar Capital. Tryggvi greindi frá þeim hugmyndum nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi, sem gerir ráð fyrir að settir yrðu á laggirnar alþjóðlegir lífeyrissjóðir sem uppfylli íslensk lög og reglur en jafnframt Evróputilskipunina í lífeyrismálum, sem hefur verið innleidd á Íslandi. Aðalatriði þessarar hugmyndar er að nýta þá athygli sem íslenska lífeyrissjóðakerfið vekur á alþjóðavettvangi.

Að lokinni framsögu Tryggva fjallaði Hulda Dóra Styrmsdóttir, ráðgjafi um alþjóðlega sjálfseignarsjóði. Hulda fjallaði um þær hugmyndir nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi, sem gerir ráð fyrir að settir yrðu á laggirnar alþjóðlegir sjálfseignarsjóðir („trusts“) á Íslandi. Megin markmiðið er að auka þjónustu við innlenda fjárfesta. Ef skýrt regluverk slíkra sjóða yrði sett á Íslandi myndi það geta laðað að fjárfesta viðs vegar úr heiminum. Fjármagnseigendur gætu þannig í tengslum við eignastýringu ráðstafað eignum sínum til slíks lögaðila á Íslandi í ákveðnum tilgangi sem gæti verið breytilegur eftir þörfum hvers og eins fjárfestis.

Fljótshlíðin.



FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefniir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 28. nóvember á síðasta ári. Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis hf. og formaður Samtaka fjármálafyrirtækja flutti erindi, sem hann nefndi „Íslensk fjármálafyrirtæki: Staða, tækifæri og ógnanir“ og Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands fjallaði í erindi sínu um „Rannsóknir á íslenska hlutabréfamarkaðinum.“

REGLUR SÞ UM ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR

Landssamtök lífeyrissjóða hafa látið þýða á íslensku „Reglur um ábyrgar fjárfestingar“ (e. *Principles for Responsible Investment*), sem unnar hafa verið að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru leiðbeiningar fyrir stofnanafjárfesta um heim allan, þar sem þátttakendur undirgangast að taka tillit við fjárfestingar til umhverfislegra og félagslegra þátta tengdan rekstri fyrirtækja, auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja. Reglurnar voru samdar af liðlega þrjátíu leiðandi lífeyrissjóðum og eignavörslufyrirtækjum austan hafs og vestan í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar. Þegar hafa margir af stærstu lífeyrissjóðum Vesturlanda undirgengist reglurnar. Lífeyrissjóður verzlunarmanna var fyrsti íslenski lífeyrissjóðurinn til að fá aðild að þessum reglum, en auk þess hefur Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fengið aðild að reglumunum.

Barónsstígur.



NEFND FORSÆTISRÁÐHERRA UM ÖRORKUMÁL

Í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, þar sem stjórnvöld lýsa sig reiðubúna til samstarfs við ASÍ og SA um leiðir sem, auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra, draga úr vaxandi örorkuþyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls skipaði forsætisráðherra nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og Öryrkjabandalags Íslands. Fulltrúi Landssamtaka lífeyrissjóða í nefndinni var Hrafn Magnússon.

Nefndin lauk störfum í byrjun mars s.l. og lagði til eftirfarandi aðgerðir:

- Að breytingar verði gerðar á skilgreiningu á örorku og rétti til örorkulífeyris og viðmiðanir um örorkumat í almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðakerfinu verði samræmdar. Skilið verði á milli mats á þörf einstaklingsins fyrir stoðþjónustu og mats á getu hans til að afla tekna.
- Áhersla verði lögð á að saman fari læknisfræðileg endurhæfing og starfsendurhæfing eftir því sem við á og að hún hefjist eins fljótt og auðið er.
- Svipað fyrirkomulag verði haft um starfsendurhæfingu og nú er um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun hvað varðar kostnaðarskiptingu ríkis, einstaklinga og sjóða. Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun og lífeyrissjóðir geri sameiginlega þjónustusamninga um starfsendurhæfingu við einkaaðila, fyrirtæki á vegum stéttarféлага, opinber fyrirtæki eða opinberar stofnanir ríkis eða sveitarféлага, jafnframt því að kosta framkvæmd þeirra.
- Beitt verði snemmtækri íhlutun þannig að endurhæfing hefjist sem fyrst eftir að starfsprek einstaklingsins skerðist. Gerður verði samningur við viðkomandi einstakling sem kveði á um þátttöku hans í endurhæfingu en að öðrum kosti falli endurhæfingarbætur niður.
- Komið verði á fót einstaklingsmiðaðri þjónustu með leiðbeinanda sem heldur utan um einstaklinginn og hans mál til lengri tíma og verði tengiliður hans við ýmsa aðila, t.d. lækna, Tryggingastofnun, lífeyrissjóði, Vinnumálastofnun og endurhæfingaraðila.
- Mikilvægt sé að tengslum viðkomandi einstaklings við vinnumarkaðinn verði haldið við með því að greiða fyrir áframhaldandi ráðningarsambandi við hlutaðeigandi vinnuveitanda. Nefndin var sammála um mikilvægi þess að atvinnulífið leggi sitt af mörkum til að gefa einstaklingum með skerta starfsorku tækifæri til að fá störf við sitt hæfi.
- Gert er ráð fyrir því að stjórnvöld, lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins komi sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafa það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði.

- Gildandi reglur um tekjuskerðingu örorkubóta og greiðsluþátttöku vegna stoðþjónustu verði endurskoðaðar þannig að þær letji ekki frá vinnu.
- Hugað verði að forvörnum og leitast við að koma í veg fyrir að vinnuaðstæður verði til þess að starfsorka einstaklinga skerðist. Í þeim tilfellum sem starfsorka einstaklinga skerðist verði greitt fyrir því að viðkomandi vinnustaður geti boðið þeim starf við hæfi.

Tillögur nefndarinnar kalla á umtalsverðar breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi örorkumats- og örorkubótakerfisins. Til að tryggja framgang ofangreindra tillagna var lagt til að sett verði á laggirnar framkvæmdanefnd til að fylgja þeim eftir, leggja mat á áhrif tillagna, ávinning og kostnað, og skera úr um álitamál. Framkvæmdanefndin verði skipuð fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Öryrkjabandalaginu, Landssamtökum lífeyrissjóða og aðilum vinnumarkaðarins undir forystu forsætisráðuneytis. Í framhaldi af þessu er gert ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins muni sérstaklega fjalla um og semja við hlutaðeigandi aðila um þau atriði sem lúta að breytingum á kjarasamningsákvæðum og reglum sjúkrasjóða og lífeyrissjóða.

Öxarárfoss.



ÖRORKUNEFND LL

Í skýrslu örorkunefndar LL frá því í september á síðasta ári kom fram að nefndin bindur miklar vonir við störf nefndar forsætisráðherra um örorkumál og vill í því sambandi vekja athygli á nauðsyn þess að endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi, m.a. með því að auka framboð á henni og með sveigjanlegu skipulagi sem bregðist fljótt við breytingum á vinnumarkaði. Ljóst sé að grípa þurfi mjög snemma inn með markvissum aðgerðum gagnvart einstaklingum sem hverfa af vinnumarkaði, annað hvort vegna veikinda eða slysa eða vegna atvinnuleysis. Vinna þurfi að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða, en nokkuð hafi borið á að úrskurðir hafi verið ótraustir hvað varðar gerð læknisvottorða. Með vísan til starfs örorkunefndar forsætisráðherra töldu nefndarmenn að ekki væru efni til að halda störfum nefndarinnar áfram enda væri umfjöllun um örorkumálin nú komin í annan farveg.

Á stjórnarfundum Landssamtaka lífeyrissjóða, þann 24. janúar s.l., var samþykkt að örorkunefnd LL tæki hins vegar aftur til starfa. Nefndin er nú þannig skipuð: Arnar Sigurmundsson, formaður nefndarinnar, Árni Guðmundsson, Haukur Hafsteinsson, Kári Arnór Kárason, Þorgeir Eyjólfsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Hlutverk nefndarinnar í þessari lotu var að fara yfir stöðu örorkumála hjá lífeyrissjóðunum, þ.á.m. hvað hafi verið að gerast á vettvangi sjóðanna síðan skýrsla nefndarinnar var lögð fram s.l. haust. Í þessu samband ætti nefndin sérstaklega að fjalla um örorkulífeyrisákvæðin í samþykktum lífeyrissjóða og taka til skoðunar álitamál sem varða viðmiðunarvísitölu við tekjusamanburð og önnur atriði.

Þá ætti nefndin einnig að fjalla um tæknileg atriði sem varða afturvirkni í slíkum útreikningum o.fl. og gera einnig samanburð á ákvæðum einstakra lífeyrissjóða er varðar réttindi, skyldur og greiðslur vegna örorkulífeyris. Vitað væri að sumt af ákvæðum um örorkulífeyri væru bundin í lögum og bæri nefndinni að fara yfir þann þátt. Þá yrði greint jafnóðum frá störfum örorkubótanefndar forsætisráðherra, en einnig frá viðræðum samningsaðila á almennum vinnumarkaði um veikindarétt, starfsendurhæfingu, sjúkrasjóði o.fl.

Nefndin hélt alls 5 fundi í þessum áfanga og skilaði af sér nokkrum tilmælum og ábendingum á síðasta fundinum, sem haldinn var 6. mars s.l.

- Nefndin lagði til að í samþykktum lífeyrissjóða verði sett ákvæði þess efnis að örorkulífeyrir verði ekki úrskurðaður, ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi eftir 65 ára aldur. Þetta verði gert til að koma í veg fyrir snemmtöku óskerts ellilífeyris í formi örorkulífeyris.
- Nefndin lagði til að kannaður verði nánar grundvöllur þess að takmarka framreikning þannig að réttindi vegna ókomins tíma verði aldrei hærrí en tiltekið hlutfall áunninna réttinda sjóðfélagans, t.a.m. tvöföld réttindi til viðbótar. Með þeim hætti skapist samhengi á milli þeirra réttinda sem sjóðfélaginn hefur öðlast í sjóðnum með reglulegum iðgjaldagreiðslum og framreiknaðra réttinda.
- Nefndin lagði til við stjórn LL að hún láti framkvæma könnun á samspili bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga. Það var mat nefndarinnar að tímabært væri og nauðsynlegt að taka til endurskoðunar þá miklu tekjutengingu sem nú væri innbyggð í kerfið þannig að lífeyrisþegar lífeyrissjóðanna verði ekki fyrir eins miklum tekjuskerðingarhrifum og nú viðgengst.
- Nefndin taldi að í verklagsreglum lífeyrissjóðanna væri heimilt að nefna örorkulífeyririnn „endurhæfingarlífeyrir“ við útborgun bóta í tiltekinn tíma, eins og lagt er til af örorkunefnd forsætisráðherra, enda njóti bótaþeginn endurhæfingar á tímabilinu og ekki þurfi að breyta samþykktum lífeyrissjóðanna vegna þessa.
- Þorri nefndarmanna taldi fara betur á að viðmiðunartekjur fyrir orkutap taki breytingum launavísitölu í stað vísitölu neysluverðs eins og nú er og að samþykktum lífeyrissjóðanna verði breytt í þá veru. Allar lífeyrisgreiðslur sjóðanna verði eftir sem áður miðaðar við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Á stjórnarfundum LL, sem haldinn var 20. mars s.l., var farið yfir störf nefndarinnar. Stjórn LL var sammála þeim ábendingum sem fram komu í nefndarstarfinu og mun stjórn samtakanna fylgja þeim málum eftir sem til hennar var beint og eru á verksviði samtakanna.

Nokkrum tilmælum var hins vegar beint til lífeyrissjóðanna. Taldi stjórn LL eðlilegt að senda þau tilmæli beint til sjóðanna með beiðni um að þau atriði fái efnislega umfjöllun í stjórnnum viðkomandi lífeyrissjóða og eftir atvikum með aðkomu tryggingafræðinga þeirra. Tekið var fram að stjórn LL væri sammála öllum þeim tilmælum sem þar koma fram.

Fífur.



UPPGJÖRSMÁL LÍFEYRISJÓÐA

Á stjórnarfundum LL s.l. voru rætt um uppgjörsmál lífeyrissjóðanna og hvort ekki þyrfti nú að huga að endurskoðun á reikningsskilum lífeyrissjóða með hliðsjón af umræðum og þróun mála hérlandis og erlendis. Ákveðið var að skipa sérstaka uppgjörnefnd sem fengi þetta verkefni til skoðunar.

Verkefni nefndarinnar var afmarkað við að yfirfara reikningsskil og uppgjörsglur lífeyrissjóða og meta hvort ástæða væri til að gera tillögu um breytingar og að yfirfara forsendur við mat eigna í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða og meta hvort ástæða sé til að gera tillögu um breytingar.

Uppgjörnefndin leitaði til lífeyrissjóðanna varðandi ábendingar um hvað betur mætti fara í reikningsskilum sjóðanna. Í lok nefndarstarfsins var síðan haldinn kynningarfundur með fulltrúum lífeyrissjóða, þar sem drög að tillögum nefndarinnar voru kynnt.

Nefndarmenn voru sammála um að störf nefndarinnar skyldu fyrst og fremst beinast að nokkrum meginþáttum í uppgjöri sjóðanna.

1. Nefndin lagði til að reglur um uppgjör lífeyrissjóða taki mið af reikningsskilastaðli IAS 26 og að skuldabréf sem hafa raunverulegt markaðsverð verði metin á gangverði.

2. Til að gæta samræmis á milli fjárvörslu hjá verðbréfasjóðum og á sérgreindum reikningum hjá eignavörslufyrirtækjum lagði nefndin til að felld verði niður ákvæði í 10. gr. um að færa sérstaklega undir liðnum önnur fjárfestingagjöld þóknarir vegna umsýslu og stjórnunar verðbréfasafna.

3. Nefndin lagði til að Fjármálaeftirlitið skipi samstarfnefnd eftirlitsins og Landssamtaka lífeyrissjóða til að fara yfir reglur nr. 55/2000 í heild sinni.

Í framhaldi af tillögum nefndarinnar sendi Fjármálaeftirlitið sem umræðuskjal tillögur sínar um breytingar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða. LL taldi þær tillögur ekki fullnægjandi og féllst FME á ábendingu LL að skipuð verði samráðsnefnd til að fara nánar yfir reglurnar í heild sinni.

Hítará.



ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök Lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahags-svæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „*European Federation for Retirement Provision*“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemi felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökubjóða.


Alþingi hefur nú samþykkt lög um starfstengda eftirlaunasjóði, sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 2003. Tilskipunin gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ.e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna

um móttöku lögbundinna iðgjalda fellur undir reglugerð EB1408/71 og fellur því ekki undir tilskipuninni. Móttaka viðbótariðgjalda kunna hins vegar að falla undir ákvæði tilskipunarinnar, að því tilskyldu að þau séu starfstengd og valkvæð. Einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnaður, skv. II. kafla laga nr. 129/1977, fellur ekki undir tilskipunina, þar sem hann er byggður á ákvörðun einstaklings en er ekki starfstengdur í skilningi tilskipunarinnar. Starfstengdir eftirlaunasjóðir í skilningi tilskipunarinnar eru því sjálfstæðar einingar til hliðar við hina venjubundnu íslensku lífeyrissjóði og lagarammi þeirra afmarkaður út frá því.

Fróðlegt er að sjá hvernig íslenska lífeyrissjóðakerfið eflist ár frá ári í samanburði við lífeyrskerfi nágrannalanda. Styrkur lífeyrskerfa er gjarnan mældur sem hlutfall af landsframléiðslu ríkja. Í eftirfarandi súluriti má sjá stöðu íslensku lífeyriskerfisins við árslok 2004. Þess má geta að vöxtur lífeyriskerfisins hefur verið mikill á síðustu tveimur árum sem sést best af því að við síðustu áramót mælist íslenski lífeyrissparnaðurinn u.þ.b. 120% af landsframléiðslu. Til samanburðar mælist Norski olíusjóðurinn, sem á síðasta ári skipti um nafn, u.þ.b. 75% af landsframléiðslu Noregs.



Lífeyrissparnaður sem % af landsframléiðslu 2004



Skip á Kópavogi.



UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið helstu umsagna samtakanna.

Breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð.

Í frumvarpinu var kveðið á um hlutverk sjóðsins og að hann muni einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækum, en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki. LL fögnuðu umræddu frumvarpi, sérstaklega því ákvæði þess sem kveður á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutfélögum.

Um greiðslu kostnaðar við Fjármálaeftirlitið

Vakin var athygli á álitum samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007. LL eiga aðild að umræddri nefnd og þar með álitum nefndarinnar, sem túlka megí sem umsögn samtakanna.

Um hækkun lágmarksiðgjalds o.fl.

LL lýstu sig sammála því ákvæði frumvarpsins að hækka lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða úr 10% í 12% frá og með 1. janúar 2007. Samtökin töldu einnig eðlilegt að lögfesta bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu þess efnis, að meðan nügildandi kjarasamningar eru enn í gildi, sé heimilt að miða lágmarksiðgjaldið við 10%, enda sé kveðið á um slíkt í viðkomandi kjarasamningi. Frumvarpið fjallaði líka um möguleika lífeyrissjóða sem njóta eða nutu bakábyrgðar til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum. Sjálfsgagt væri að opna þessi ákvæði gagnvart Lífeyrissjóði bankamanna, sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar bankanna, en væntanlegar væri það ekki ætlun löggjafans að opna þessi ákvæði gagnvart öðrum sjóðum sem nyttu bakábyrgðar og þyrfi að skoða frumvarpið með það í huga.

Breytingar á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra.

Tekið var undir ýmis ákvæði í frumvarpinu, sem taka mið af samkomulagi stjórnvalda og Landssambands eldri borgara. Það sé hins vegar skoðun LL að frumvarpið gangi alltof stutt hvað varðar að draga úr skerðingarákvæðum almannatrygginga vegna lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðunum, svo og vegna útborgunar viðbótarlífeyrissparnaðar. Tekið var fram að LL hafi margsinnis í umsögnum sínum til þingnefnda bent á það óréttlæti að auknar bætur frá lífeyrissjóðunum og greiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar skerði mjög harkalega bætur almannatrygginga. Þannig skili auknar bætur frá lífeyrissjóðunum sér í meiri skerðingum á bótum almannatrygginga.

Um heimild að taka við greiðslu frá bakábyrgðaraðila.

Breytingin fólst í því að lífeyrissjóði verði heimilt að taka við greiðslu frá bakábyrgðaraðila inn á skuldbindingu sína við sjóðinn með óskráðum verðbréfum.

LL gerðu ekki athugasemd við umrædda breytingu á löggunum, en bentu á að mikil þróun hafi verið á fjármálamarkaði undanfarin misseri og ár. Starfsumhverfi fagfjárfesta hafi breyst verulega og miklu skipti að þeir fylgist vel með þeim tækifærum sem væru á markaði á hverjum tíma svo þeir nýti sem best þá fjárfestingarkosti sem bjóðast. Þetta eigi ekki síður við um lífeyrissjóði en aðra fagfjárfesta. Þar komi margt til eins og veruleg aukning á eignum lífeyrissjóðanna, stóruauknar lífeyrisskuldbindingar og nýir fjárfestingarkostir. Þar sem lífeyrissjóðirnir fjárfesta að verulegu leyti til langs tíma og um sé að ræða háar fjárhæðir munar verulega um hvert prósentubrot í ávöxtun. Því sé afar mikilvægt að þær reglur sem sjóðunum er gert að starfa eftir takmarki í engu svigrúm þeirra umfram það sem eðlilegt og nauðsynlegt kann að þykja í ljósi eðli

Torfahlaup.



starfsemi sjóðanna. Því verði sú spurning sífellt áleitnari hvort ekki sé rétt að útfærslur á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna séu settar í reglugerð í stað laga eins og nú er. Eftir sem áður kunni að vera eðlilegt að hafa í lögum þau grundvallarviðmið sem byggja skal á.

Pingsályktunartillaga um breytingar á skattlagningu lífeyrisgreiðslna.

Í umsögn LL kom fram að samtökin fagna öllum skrefum, sem kunna að vera tekin til að bæta hag eftirlaunabega, en vilja vekja sérstaka athygli á þeirri staðreynd að lagfæra þurfi samspil bóta almannatrygging og lífeyrissjóða. Sú skerðing bóta almannatrygginga sem nú sé til staðar í kerfinu sé alltof mikil og hafi farið vaxandi á undanförunum árum, auk þess sem hún dragi verulega úr þeim hvata launamanna að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðanna.

Hvað varðar að skattleggja lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðunum á sama hátt og fjármagnstekjur væri vert að geta þess að tiltölulega auðvelt væri fyrir lífeyrissjóði, sem taka við lífeyrissjóðsiðgjaldi að hluta í séreign og að hluta í sameign, að skipta séreignarhlutanum.

Hins vegar væru ýmiss tormeðki á því að skipta lífeyrisgreiðslunum með sama hætti vegna iðgjalda í samtrygginginu. Í samtryggingarsjóði geti verið mjög mikill munur á því iðgjaldi sem sjóðurinn fær vegna einstakra sjóðfélaga og þeim lífeyri, sem viðkomandi sjóðfélagi fær. Sem dæmi má taka sjóðfélaga sem greitt hefur iðgjöld í 5 ár en fær síðan háan örorkulífeyri um 40 ára skeið og síðan ellilífeyri árum saman. Sama á reyndar við um sjóðfélaga sem fær greiddan ellilífeyri í mun lengri tíma en meðalævilíkur gefa til kynna. Að mati ýmissa tryggingafræðinga væri ekki hægt að framkvæma skiptingu lífeyris í höfuðstól, vexti og verðbætur í samtryggingarsjóði á einstaklingsgrundvelli.

LL vöktu athygli á því að iðgjöld launamanna í lífeyrissjóði og í viðbótarlífeyrissparnað væru frádráttarbær frá skatti, en komi síðan til skattlagningar við útborgun lífeyris. Þessi aðferð sé algengust í nágrennalöndum okkar, þ.e. iðgjöld til sjóðanna séu frádráttarbær frá skatti, auk þess sem lífeyrissjóðirnir greiða ekki fjármagnstekjuskatt. Lífeyririnn væri síðan skattlagður eins og hverjar aðrar launatekjur.

Ekki væru gerðar athugasemdir við það að eftirlaunabegar njóti hagstæðari skattaávilnana en launamenn, en samtökin telja hins vegar ekki síður brýnt að lagfæra samspil bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna með það markmið í huga að minnka skerðingarhrifin í kerfinu.

Um starfstengda eftirlaunasjóði, tilskipun nr. 2003/41/EB.

Vakin var athygli á því að íslensku lífeyrissjóðirnir falla undir reglugerð EB 1408/71, en ekki undir umrædda tilskipun frá

3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, nema að því marki sem að starfstengdar lífeyrisgreiðslur séu ekki skyldubundnar.

Þá benti LL á að ákvæði frumvarpsins um fjárfestingarreglur starfstengdra eftirlaunasjóða væru mun rýmri en fjárfestingarreglur þær sem koma fram í lífeyrissjóðalög-unum.

Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að lögaðilar sem taka á móti og ávaxta einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnað séu ekki bundnir af þeim fjárfestingarreglum sem koma fram lífeyrissjóðalögnum.

Þetta sé ekki rétt hvað varðar séreignardeildir lífeyrissjóða, því fjárfestingarreglur lífeyrissjóðalaganna nái einnig til þeirra. Að þessu leyti væri samkeppnisstaða lífeyrissjóðanna ekki sú sama og mun lakari en hjá bönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem geta boðið rétthöfum lífeyrissparnaðar upp á mun rýmri fjárfestingarkosti en séreignardeildum lífeyrissjóða væri heimilt að bjóða, samkvæmt lögum.

Á þetta ranglæti hafi Landssamtök lífeyrissjóða margsinnis bent stjórnvöldum á með ósk um að lagabreytingar verði gerðar á umræddum lögum til að hægt væri að jafna samkeppnisstöðu vörsluðila viðbótarlífeyrissparnaðarins.

Um breytingum á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Landssamtök lífeyrissjóða styðja umrætt frumvarp um breytingu á lögum er varða lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða annars staðar á Norðurlöndum. Ekki var þó tekin efnisleg afstaða til ákvæða frumvarpsins þess efnis að iðgjaldaprósenta sveitarfélaga vegna starfsmanna grunnskóla hækki ekki frá því sem áður var samið um, þótt mótframlag vinnuveitenda hafi almennt verið hækkað úr 6% í 8%.

Um breytingu á lögum um vísitölu neysliverðs, viðmiðunartími.

Í umsögn LL kom fram að Hagstofa Íslands hafi haft samráð við samtökin við undirbúning frumvarpsins og væri slíkt verklag til fyrirmyndar í stjórnsýslunni. LL lýstu stuðningi sínum við frumvarpið, þó svo að í upphafi mun sá tími sem vísitalan væri reiknuð og þar til hún tekur gildi lengjast nokkuð, þ.e.a.s. vísitala neysliverðs reiknuð um miðjan janúar 2008 tekur gildi um verðtryggingu fyrir marsmánuð 2008. Til lengri tíma litið skipti þessi breyting hins vegar litlu máli og yrðu áhrifn óveruleg að mati LL.

Umsögn um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

Á vegum lðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins hefur á undanförunum mánuðum verið unnið að drögum að frumvarpi



Skjaldbreiður.

til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. LL var ekki kunnugt um þessa vinnu fyrr en um miðjan desember s.l. Í framhaldi af því höfðu LL frumkvæði að því að kalla eftir upplýsingum um málið, auk þess sem þau áskildu sér rétt til að koma að athugasemdum, ef tilefni væri til þess. Ýmsum aðilum sem málið varðar, svo sem forsvarsmönnum banka og verðbréfafyrirtækja, o.fl., var boðið til sérstaks kynningarfundar í nóvember s.l., en fulltrúar lífeyrissjóða voru ekki þar á meðal. Svo virðist sem ekki hafi staðið til að gera samtökum lífeyrissjóða grein fyrir þeim breytingatillögum, sem í frumvarpsdrögum fælust og varða lífeyrissjóðina, og lýstu samtökin yfir vonbrigðum sínum með það.

LL gekk frá ítarlegri umsögn um frumvarpið, sem rúmsins vegna er ekki hægt að birta hér í heild sinni. Frumvarpið var að þessu sinni ekki lagt fram á Alþingi, enda er málefni lífeyrissjóðanna undir forræði fjármálaráðuneytisins en ekki viðskiptaráðuneytisins. Frumvarp sama efnis var þó lagt fyrir Alþingi nú í vetur en það náði til annarra aðila en til lífeyrissjóðanna og var það samþykkt sem lög frá Alþingi 17. mars s.l.

Í umsögn LL kom fram að verulegir annmarkar séu á frumvarpsdrögum. Hvað stjórnvaldssektir gagnvart lífeyr-

issjóðnum varðar, var vakin athygli á því að lífeyrissjóðirnir hafa algera sérstöðu meðal lögaðila á fjármálamarkaði. Það byggir á því eðli lífeyrissjóða að allar eigur þeirra eru beint og óbeint í eigu skjólstæðinga þeirra þ.e. sjóðfélaganna sjálfra. Eðli þeirra er því allt annað en annarra fyrirtækja og félaga á markaðnum, sem hafa þann fjárhagslega tilgang að skila eigendum sínum hagnaði. Sektarfé lagt á lífeyrissjóð er hins vegar tekið af sameiginlegum sjóði sjóðfélaganna og komi þannig einungis niður á þeim sem stjórnvaldssektin væri ætlað að vernda. Þá verði einnig að hafa í huga hvað lífeyrisjóðalögin varðar að vandséð væri að brot á ákvæðum þeirra gæti leitt af sér fjárhagslegan ávinning fyrir einstaklinga, nema um væri að ræða brot sem ætti þá undir ákvæði almennra hegningarlaga.

LL töldu að ekki kæmi fram með skýrum hætti þörfin á þeim breytingum, sem í frumvarpsdrögum fælist, a.m.k. hvað lífeyrissjóði varðar. Miðað við umfang brota, sem í greinargerð með frumvarpsdrögum væri skýrt frá, og miðað við vitneskju samtakanna um brot á lífeyrissjóðalögum almennt, verði ekki talin mikil þörf á breytingum. Telja samtökin að nógildandi fyrirkomulag um viðurlög við brotum á lífeyrissjóðalögum, sem fram koma í 55. gr. þeirra, hafi gefist vel og því sé ekki nein brýn þörf á breytingum.



AÐILDARSJÓÐUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2005 þús. króna	Innan LL %
Lsj. starfsmanna ríkisins	227.495.437	18,76%
Lsj. verzlunarmanna	190.972.438	15,75%
Gildi lífeyrissjóður	181.296.357	14,95%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	71.921.992	5,93%
Almanni lífeyrissjóðurinn 1)	64.371.156	5,31%
Stafir lífeyrissjóður 2)	62.356.309	5,14%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn 3)	47.747.039	3,94%
Lífeyrissjóður Norðurlands 4)	47.509.108	3,92%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	41.614.572	3,43%
Festa lífeyrissjóður 5)	39.425.795	3,25%
Lífeyrisjóður bankamanna	28.673.192	2,36%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	22.051.329	1,82%
Lífeyrissjóður Austurlands 4)	21.992.914	1,81%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	21.693.310	1,79%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	18.541.822	1,53%
Lífeyrissjóður bænda	18.235.581	1,50%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	17.776.934	1,47%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	16.680.003	1,38%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	14.917.675	1,23%
Eftirlaunasjóður FÍA	11.730.153	0,97%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	11.462.023	0,95%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	10.679.590	0,88%
Lsj. Eimskipafélags Íslands	3.518.680	0,29%
Lsj. Rangæinga	3.328.634	0,27%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	2.635.239	0,22%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	2.144.938	0,18%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	2.138.223	0,18%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	2.063.520	0,17%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.859.531	0,15%
Lsj. Mjólkursamsölnunnar	1.596.327	0,13%
Lsj. Akraneskaupstaðar	1.030.488	0,08%
E. starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	733.214	0,06%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	681.958	0,06%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	647.776	0,05%
Lsj. starfsm. Áburðarverksmiðju ríkisins	514.859	0,04%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	419.890	0,03%
Lsj. Neskaupstaðar	212.579	0,02%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	55.887	0,00%
Samtals í LL	1.212.726.472	100,00%

1) Lífeyrissjóður lækna hefur sameinast Almenna lífeyrissjóðnum.

2) Lífeyrissjóðurinn Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn hafa sameinast undir heitinu Stafir lífeyrissjóður.

3) Lífeyrissjóður Bolungarvíkur hefur sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum.

4) Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Norðurlands hafa ákveðið að sameinast undir heitinu Stapi lífeyrissjóður

5) Lífeyrissjóður Suðurlands og Lífeyrissjóður Vesturlands hafa sameinast undir heitinu Festa lífeyrissjóður

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

ÁRSREIKNINGUR 2006



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2006 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 33,5 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 6,5 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 47,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 41,2 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2007.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Arnaldur Loftsson

Friðbert Traustason

Gunnar Baldvinsson

Margeir Daníelsson

Þorbjörn Guðmundsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annar á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingum á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 20. mars 2007.

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2006

	Skýr.	2006	2005
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	2	<u>33.492.356</u>	<u>31.125.828</u>
		<u>33.492.356</u>	<u>31.125.828</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	18.516.104	16.596.977
Annar rekstrarkostnaður	6	14.986.385	12.104.502
Afskriftir	7	<u>145.467</u>	<u>251.852</u>
		<u>33.647.956</u>	<u>28.953.331</u>
(Rekstrartap)-hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(155.600)	2.172.497
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur		7.609.878	4.231.535
Arður		422.388	168.955
Vaxtagjöld		(1.404.025)	(237.481)
		<u>6.628.241</u>	<u>4.163.009</u>
Hagnaður	9	<u><u>6.472.641</u></u>	<u><u>6.335.506</u></u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2006	2005
FASTAFJÁRMUNIR:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og innréttingar	7	<u>287.862</u>	<u>433.322</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	<u>732.208</u>	<u>762.208</u>
		<u>1.020.070</u>	<u>1.195.530</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		<u>1.743.142</u>	<u>1.713.596</u>
Handbært fé		<u>124.172.605</u>	<u>48.803.274</u>
		<u>125.915.747</u>	<u>50.516.870</u>
		<u>126.935.817</u>	<u>51.712.400</u>

31. DESEMBER 2006

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2006	2005
Eigið fé	9	<u>47.645.840</u>	<u>41.173.199</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. ..		74.816.304	5.896.747
Aðrar skammtímaskuldir		<u>4.473.673</u>	<u>4.642.454</u>
Skuldir samtals		<u>79.289.977</u>	<u>10.539.201</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>126.935.817</u>	<u>51.712.400</u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlausn tekna

2. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2005. Árgjöldin eru 0,067% af 10% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0031% af hreinni eign í árslok 2005.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í félögum

4. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2006	2005
Laun	14.797.624	13.261.397
Launatengd gjöld	3.718.480	3.335.580
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>18.516.104</u>	<u>16.596.977</u>

Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf

	1	1
--	---	---

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri	11.442.719
Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar	850.000
Friðbert Traustason, fyrrverandi formaður stjórnar	630.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	620.000
Margeir Daníelsson	460.000
Víglundur Þorsteinsson	460.000
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	460.000
Þorbjörn Guðmundsson	460.000
Gunnar Þór Baldvinsson	460.000
Sigurbjörg Björnsdóttir	37.500
Jón Guðni Kristjánsson	37.500
Arnaldur Loftsson	37.500
Elsa Björk Friðfinnsdóttir	20.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	20.000
Stefán A. Halldórsson	17.500

**Skýringar, frh.:**

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2006	2005
Húsaleiga	1.375.925	1.295.004
Annar húsnæðiskostnaður	298.828	252.110
Pappír, prentun, ritföng	2.009.108	1.176.223
Símakostnaður	287.367	353.478
Burðargjöld	118.991	118.286
Bækur, blöð og tímarit	186.252	265.310
Aðkeypt þjónusta	4.646.713	4.393.089
Rekstur bifreiðar	1.654.932	1.299.957
Ferðakostnaður	218.918	239.780
Fundir, ráðstefnur, námskeið	1.417.447	1.679.043
Auglýsingar	183.075	198.465
Félagsgjöld	599.540	595.958
Styrkir	1.500.000	0
Annar kostnaður	489.289	237.799
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>14.986.385</u>	<u>12.104.502</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður
Stofnverð 1.1.2006	2.166.624
Niðurlag á árinu	(186.404)
Stofnverð 31.12.2006	<u>1.980.220</u>
Afskrifað 1.1.2006	1.733.295
Afskrift færð út	(186.404)
Afskrifað á árinu	<u>145.467</u>
Afskrifað 31.12.2006	<u>1.692.358</u>
Bókfært verð 31.12.2006	287.862
Afskriftahlutföll	<u>20-33%</u>

Áhættufjármunir

8. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða sf.	6,0%	<u>60.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		<u>732.208</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2006	24.416.897	16.756.302	41.173.199
Hagnaður ársins		<u>6.472.641</u>	<u>6.472.641</u>
Eigið fé 31.12.2006	<u>24.416.897</u>	<u>23.228.943</u>	<u>47.645.840</u>

Skuldbindingar

10. Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 2,8 millj. kr. og greiðist á árunum 2007-2009.

